



199. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 31. maí 2012 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti og Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður.

1. Ólympísk verkefni

Ólympíuleikarnir í London 2012

Forseti bauð Andra Stefánsson sviðsstjóra Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ velkominn á fundinn. Andri gaf skýrslu varðandi þá þátttakendur sem náð hafa lágmarkum fyrir Ólympíuleikana og þá sem enn hafa möguleika á að ná lágmarkum. Sá ánægjulegi árangur náðist um síðustu helgi í boðsundi kvenna á EM að boðsundssveit Íslands hreppti fjórða sætið. Hugsanlegt er að með þeim góða árangri hafi hún náð inn á Ólympíuleikana. Staðfesting um það fæst á morgun en ef svo fer þá verður það í fyrsta sinn sem Ísland færi með boðsundssveit á Ólympíuleika.

Forseti þakkaði Andra fyrir upplýsingagjöfina og Andri vék síðan af fundi.

Ólympíuleikarnir í Sochi 2012

Friðrik Einarsson sagði undirbúning hafinn með samskiptum við undirbúningsnefnd leikanna vegna ýmissa þátta. Í dag var skiladagur á þöntun miða á leikana en skrifstofa ÍSÍ mun sjá um utanumhald varðandi miðamál fyrir þessa leika. Ekki er gert ráð fyrir því að mikil eftirspurn verði eftir miðum á leikana.

Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015

Rætt um skipun nefnda vegna undirbúnings Smáþjóðaleikanna á Íslandi 2015. Fundað hefur verið með Ómari Einarssyni hjá Reykjavíkurborg vegna mála sem snúa að borginni og tengjast undirbúningi og framkvæmd leikanna en formlegur undirbúningur hefst væntanlega í haust, að loknum Ólympíuleikum.

2. Afmæli ÍSÍ

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSÍ skýrði frá því helsta sem á döfinni er varðandi viðburði tengda afmælisári ÍSÍ. Fyrirhugað er að gefa út Ólympíublað í veglegri kantinum fyrir Ólympíuleikana í London þar sem einnig verður fjallað um afmæli ÍSÍ.

3. Ársreikningur ÍSÍ og fjárhagsáætlun

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram ársreikning ÍSÍ fyrir árið 2011 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 til samþykktar. Framkvæmdastjórn samþykkti bæði ársreikning og fjárhagsáætlun.

Rekstur sambandsins hefur þungst og var halli á rekstrinum árið 2011.

Forseti og framkvæmdastjórn þökkðu gjaldkera og Fjármálaráði ÍSÍ fyrir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í gerð ársreiknings og fjárhagsáætlunar.

4. Ferðasjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður vinnuhóps um Ferðasjóð íþróttafélaga skýrði frá því að búið væri að funda með fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins og afhenda formlega skýrslu um úthlutun úr sjóðnum fyrir árið 2011. Að þessu sinni var send út könnun eftir úthlutunina þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvernig þessum fjármunum væri ráðstafað. Svarhlutfall var með ágætum og var fróðlegt að lesa í gegnum þær upplýsingar sem komu fram í svörum ólíkra íþróttafélaga. Ferðakostnaður er ört vaxandi þáttur í rekstri

Íþróttahreyfingarinnar og áhyggjuefni hvert stefnir með gríðarlegri hækkun eldsneytis og flugfargjalda á síðustu misserum.

Samþykkt að vinna áfram með svipaðar forsendur fyrir úthlutunina 2012 og að nýta heimild samkvæmt ákvæðum samnings um umsýslugjald.

5. Staða starfsskýrsluskila

Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri skýrði frá stöðu starfsskýrsluskila.

6. Heiðranir

Farið yfir þær heiðranir sem samþykktar voru í gegnum tölvupóst og búið er að afhenda:

UMSB

Rósa Marínisdóttir fráfarandi varaformaður UMSB – Gullmerki ÍSí.

Merkið var afhent í 100 ára afmælishófi UMSB sem haldið var 26. apríl sl.

HSH

Davíð Sveinsson og Haukur Sveinbjörnsson voru sæmdir Gullmerki ÍSí og Guðmundur Gíslason, fyrrverandi starfsmaður ÍSí var sæmdur Silfurmerki ÍSí á ársþingi HSH 24. apríl sl.

KLÍ

Þórir Ingvarsson fráfarandi formaður KLÍ var sæmdur Gullmerki ÍSí á ársþingi KLÍ 2. maí sl.

HSV

Guðni Guðnason fráfarandi stjórnarmaður HSV var sæmdur Gullmerki ÍSí á ársþingi sambandsins 3. maí sl.

HSS

Jóhann Björn Arngrímsson var sæmdur Gullmerki ÍSí og Magnús Steingrímsson var sæmdur Silfurmerki ÍSí á ársþingi HSS 6. maí sl.

ÍSS

Eva June Clark fráfarandi formaður ÍSS var sæmd Gullmerki ÍSí á ársþingi ÍSS 6. maí sl.

SKÍ

Páll Grétarsson formaður SKÍ var sæmdur Gullmerki ÍSí á ársþingi SKÍ 11. maí sl.

DSÍ

Jón Eiríksson var sæmdur Gullmerki ÍSí á ársþingi DSÍ 15. maí sl.

STÍ

Kjartan Friðriksson var sæmdur Silfurmerki ÍSí á ársþingi STÍ 19. maí sl.

Hafsteinn Pálsson kynnti tillögu að hönnun Afreksmerkis, sem afhent verður íþróttafólki sem unnið hefur mikið afrek í íþróttum, skv. ákveðinni skilgreiningu í Reglugerð ÍSí um heiðursviðurkenningar. Tillagan samþykkt.

Hafsteinn Pálsson kynnti tillögu að hönnun Ólympíumerkis, bæði hefðbundins merkis sem afhent verður öllum þátttakendum á Ólympíuleikum og viðhafnarútgáfu sem afhent verður verðlaunahöfum á Ólympíuleikum. Tillögurnar samþykktar.

7. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

- 198. fundur framkvæmdastjórnar
- 7. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Fundar Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSí frá 15. maí 2012
- 64. og 65. fundar Almenningsíþróttasviðs ÍSí frá 13. febrúar og 24. apríl 2012
- Afrekssviðs ÍSí frá 16. apríl og 30. maí 2012
- Afrekssjóðs og Sjóðs ungra og efnilegra frá 7. maí og 29. maí 2012

ÍSí var veittur viðbótarstyrkur frá ríkinu að upphæð 15 m.kr. vegna lokaundirbúnings fyrir Ólympíuleika. Einnig fékk ÍSí styrk frá Ólympíusamhjálpinni vegna þessa sem uppreiknast sem 10 m.kr. miðað við núverandi gengi.

Bókaðar þakkir til þeirra sem gengu vasklega fram í því að fá viðbótarfé til sambandsins. Eftirfarandi styrkveitingar samþykktar, að tillögu sjóðsstjórnar:

a. SSÍ

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að Sundsamband Íslands verði styrkt á eftirfarandi hátt: Eygló Ósk Gústafsdóttir hljóti A-styrk frá 1. janúar 2012, Sarah Blake Bateman hljóti B-styrk frá 1. apríl 2012, Eva Hannesdóttir hljóti C-styrk frá 1. apríl 2012. Þá er lagt til að SSÍ hljóti styrk að upphæð 3,5 m.kr. vegna lokaundirbúnings landsliðsins fyrir Ólympíuleika og 1 m.kr. vegna undirbúnings landsliðsfólks á háskólastyrkjum í Bandaríkjunum, þ.m.t Hrafnhildar Lúthersdóttur.

b. FRÍ

Lagt er til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að FRÍ hljóti styrk að upphæð 4 m.kr. vegna lokaundirbúnings frjálsíþróttaliðsins fyrir London 2012.

c. ÍF

Umsókn frá ÍF hafði borist sjóðnum vegna Kolbrúnar Öldu Stefánsdóttur sem er styrkþegi hjá Sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Hún hefur náð lágmarkum á Ólympíumót fatlaðra í London og er líklegur keppandi á leikana. Stjórn sjóðsins leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að ÍF hljóti eingreiðslustyrk úr Afrekssjóði ÍSÍ að upphæð kr. 300.000 vegna hennar og bætist sá styrkur við fyrri styrk til hennar á árinu 2012.

d. HSÍ

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að A-landslið karla verði styrk með 26 m.kr. vegna lokaundirbúnings fyrir leikana í London 2012. Í þeirra tölu er gert ráð fyrir 80.000 USD styrk Ólympíusamhjalparinnar, sem reiknast sem 10 m.kr. en er þó háð gengisstöðu íslenskrar krónu gagnvart bandaríkjadali.

e. HSÍ vegna unglingsliða

Sótt var um styrk í Sjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna vegna U-20 karla og U-18 karla sem komust áfram í úrslitakeppni á árinu 2012. Lagt er til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að sambandið hljóti styrk að upphæð 1 m.kr. úr sjóðnum, eða kr. 500.000 á hvort lið vegna undirbúnings og þátttöku í þessum lokamótum.

f. Æfingabúðir í Bath

ÍSÍ hlaut styrk frá breska ríkinu að upphæð 25.000 pund vegna æfingabúða í Englandi í undirbúningi fyrir Ólympíuleika. FRÍ og SSÍ munu senda hópa til Bath og hefur nú þegar farið hópur frjálsíþróttamanna í þessar æfingabúðir. Með styrknum næst að dekkja kostnað í Englandi en þá er eftir flugkostnaður til Englands. Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn að verkefnið verði styrkt með kr. 600.000 vegna flugkostnaðar.

g. BSÍ

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að BSÍ verði styrk með kr. 500.000 vegna lokaundirbúnings Rögnu Ingólfssdóttur fyrir leikana í London 2012.

h. JSÍ

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að JSÍ verði styrk með kr. 800.000 vegna lokaundirbúnings Þormóðs Árna Jónssonar fyrir leikana í London 2012.

- Fjármálaráðs ÍSÍ frá 29. maí 2011

Fjármálaráð leggur til að að gjaldkera og framkvæmdastjóra ÍSÍ verði falið að ganga til viðræðna við framkvæmdastjóra og stjórn Getrauna um kaup á miðhæðinni í húsi 2.

Tillagan samþykkt.

- Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 24. apríl 2012

Lögð fram tillaga Verkefnasjóðs ÍSÍ um úthlutun úr sjóðnum. Eftirfarandi styrkveitingar samþykktar.

- Samþykktur styrkur að upphæð kr. 50.000 til Umf. Tindastóls, vegna mótavettvangs í körfuknattleik fyrir 11 ára á eldri á svæðinu frá Hvammstanga til Eyjafjarðar.

- Samþykktur styrkur að upphæð kr. 200.000 til HSK vegna sögusýningar í tilefni af 100 ára afmælis ÍSÍ en heiti sýningarinnar er „Sunnlendingar á Ólympíuleikum“.

- *Laganefndar ÍSÍ frá 8. maí 2012*

Tillögur Laganefndar ÍSÍ um afgreiðslu erinda samþykktar.

-*Minnisblað um „Hjólað í vinnuna“.*

Hafsteinn Pálsson fylgdi eftir minnisblaði varðandi heilsu- og hvatningarátakið

„Hjólað í vinnuna“. Átakið tókst vel og aukning varð í þátttöku. Átakið vekur alltaf nokkra athygli fjölmiðla og fær góða umfjöllun.

8. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Stefnt er að því að halda næsta fund framkvæmdastjórnar 10. júlí nk.

10. Önnur mál

Drög að frumvarpi um breytingu á lögum Ríkisútvarpsins

ÍSÍ var ekki beðið um umsögn á ofangreindum drögum að frumvarpi um breytingar á lögum um RÚV. Ef þær breytingar sem í drögunum eru kynntar verða að lögum þá má búast við að það hafi víðtækar afleiðingar á styrktarumhverfi útsendinga frá íþróttaviðburðum. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvar málið er statt.

Breyting á skipan Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA

Lagt fram erindi frá Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA þar sem óskað er eftir því að Guðbergur Reynisson taki sæti Garðars Gunnarssonar sem sagt hefur sig frá störfum í nefndinni. Guðbergur mun sitja í nefndinni fyrir go-kart íþróttina.

Samþykkt. Skrifstofu falið að senda Guðbergi skipunarbréf.

Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Rúna H. Hilmarsdóttir sem hefur haft umsjón með Felix og tölvumálum á skrifstofu ÍSÍ hafi sagt upp störfum. Nýr starfsmaður, Óskar Örn Guðbrandsson, hefur verið ráðin til að taka við af Rúnu. Óskar Örn hefur reynt af íþróttahreyfingunni en hann gegndi m.a. starfi framkvæmdastjóra SSÍ um árabíl.

Framkvæmdastjóri skýrði einnig frá því að starf sviðsstjóra Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ verði auglýst til umsóknar fljótlega en staðið hefur fyrir dyrum að flytja sviðsstjórarstarfið aftur til Reykjavíkur til hagræðingar. Viðar Sigurjónsson sem gegnt hefur starfi sviðsstjóra mun halda áfram að starfa á skrifstofu ÍSÍ á Akureyri og einbeita sér að gæðaverkefninu Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, í samræmi við þá stefnu sem framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur tekið um að efla verkefnið til muna, ásamt öðrum verkefnum.

RIG 2013

Gústaf A. Hjaltason kynnti breytt fyrirkomulag Reykjavík International Games sem verða haldnir dagana 18.-27. janúar 2013.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari